

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – febrúar 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjórið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og gjöld. Þetta getur valdið sveiflum í einstökum liðum.

Þetta er í annað sinn sem birtar eru mánaðartölur eftir þá veigamiklu breytingu sem gerð var á mánaðaruppgjörinu með nýju ári og lýst var í grein í vefritinu 1. mars sl. Breytingin leiðir til þess að uppgjórið gefur nákvæmari og betri mynd af stöðu ríkissjóðs í mánuðinum og er nær því að endurspeglar rekstrargrunn en áður.

Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 30,1 milljarð króna innan ársins, sem er 6,8 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 15,4 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 6,9 ma.kr. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 1,6 ma.kr. en var jákvæður um 20,9 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Lántökur námu 38,5 ma.kr. á móti 1,5 ma.kr. í fyrra. Þar munar langmest um 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 0,3 ma.kr. greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Staða á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 15,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – febrúar 2007

	Í milljónum króna				
	2003	2004	2005	2006	2007
Innheimtar tekjur	44.155	48.732	60.718	72.244	87.597
Greidd gjöld	42.266	44.897	47.897	47.897	56.895
Tekjujöfnuður	1.889	3.836	12.821	22.277	30.702
Sóluhagnaður af hlutabr. og eignahlutum	-425	-	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	659	-121	1.117	1.084	-570
Handbært fé frá rekstri	2.123	3.957	13.938	23.361	30.133
Fjármunahreyfingar	333	-1.335	4.011	-2.469	-31.733
Hreinn lánsfjárjöfnuður	2.456	2.622	17.948	20.892	-1.601
Afborganir lána	-4.851	-13.878	-11.215	-8.064	-20.583
Innanlands	-4.851	-22	-2.216	-8.058	-20.583
Erlendis	-	-13.857	-9.000	-6	-
Greiðslur til LSR og LH	-1.250	-1.250	-500	-660	-660
Lánsfjárjöfnuður, brúttó	-3.645	-12.506	6.233	12.168	-22.844
Lántökur	175	17.571	1.016	1.532	38.519
Innanlands	4.022	3.218	-3.931	1.532	38.519
Erlendis	-3.848	14.353	4.947	-	-
Breyting á handbæru fé	-3.471	5.064	7.249	13.700	15.676

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu tveimur mánuðum ársins námu tæpum 88 ma.kr. Það er 15 ma.kr. eða 21,3% meira en á sama tíma 2006.

Skatttekjur og tryggingargjöld námu tæpum 83 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 26,4% að nafnvirði milli ára eða 17,9% umfram verðbólgu (þá er tekjuskattur lögaðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila námu alls tæpum 40 ma.kr. og jukust um 19,7% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 15,5 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 3,3 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 21 ma.kr. Janúar er aðalinnheimtumánuður fjármagnstekjuskattsins og í ár innheimtust 20 ma.kr. í janúar sem er meira en nokkru sinni áður. Tæpur milljarður innheimtist í fjármagnstekjuskatt í febrúar og er innheimtan það sem af er ári ríflega 50% meiri en í fyrra.

Innheimta almennra veltuskatta nam 33,5 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðunum eða um fjórðungi hærrí fjárhæð en á sama tíma í fyrra, sem samsvarar 16% aukningu umfram verðbólgu. Innheimtur virðisaukaskattur var mikill í febrúar eða 14,2 ma.kr. og 24,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðunum. Vörugjöld af bifreiðum og bensíni drógust saman en aðrir einstakir veltuskattar jukust nokkuð milli ára. Innheimt tryggingagjöld námu 6,6 ma.kr. og jukust um 12,2% milli ára, eða 2,0% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma.

Tekjur ríkissjóðs janúar – febrúar 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	57.404	68.547	82.517	25,6	19,4	20,4
Skattar á tekjur og hagnað	22.788	33.228	39.781	27,9	45,8	19,7
Tekjuskattur einstaklinga	12.086	13.405	15.537	14,3	10,9	15,9
Tekjuskattur lögaðila	1.375	5.966	3.280	33,0	333,8	-45,0
Skattur á fjármagnstekjur	9.328	13.856	20.964	50,1	48,5	51,3
Eignarskattar	2.380	2.016	1.703	50,7	-15,3	-15,5
Skattar á vöru og þjónustu	26.638	26.973	33.511	22,7	1,3	24,2
Virðisaukaskattur	18.659	18.133	24.718	23,3	-2,8	36,3
Vörugjöld af ökutækjum	1.339	1.618	1.063	88,9	20,9	-34,3
Vörugjöld af bensíni	1.374	1.441	1.331	4,8	4,9	-7,7
Skattar á olíu	1.293	1.154	1.320	15,2	-10,8	14,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.578	1.657	1.764	3,4	5,0	6,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	2.394	2.971	3.316	25,8	24,1	11,6
Tollar og aðflutningsgjöld	425	362	779	7,0	-14,8	115,4
Aðrir skattar	103	112	170	.	8,9	52,0
Tryggingagjöld	5.071	5.857	6.572	23,0	15,5	12,2
Fjárframlög	120	111	95	81,0	-7,1	-14,7
Aðrar tekjur	3.123	3.571	4.671	5,2	14,3	30,8
Sala eigna	70	14	314	-	-	-
Tekjur alls	60.718	72.244	87.597	24,6	19,0	21,3

Greidd gjöld námu 56,9 ma.kr. og hækkðu um 6,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða 13,9%. Mest munar um 3,1 ma.kr. hækkun samgöngumála og 1,7 ma.kr. vegna almannatrygginga. Þá hækkðu greiðslur til heilbrigðismála um 1 ma.kr. eins og greiðslur til almennrar opinberrar

þjónustu. Veigamestu málaflokkarnir; heilbrigðismál, almannatryggingar og menntamál veiga samtals um tvo þriðju af heildargjöldunum.

Gjöld ríkissjóðs janúar – febrúar 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	5.255	6.250	...	18,9
þar af vaxtagreiðslur	2.386	591	778	-75,2	31,6
Varnarmál	...	150	99	...	-33,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	...	3.484	2.508	...	-28,0
Efnahags- og atvinnumál	...	4.127	7.200	...	74,5
Umhverfisvernd	...	460	549	...	19,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	...	72	65	...	-9,9
Heilbrigðismál	...	13.812	14.720	...	6,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	...	2.619	3.100	...	18,3
Menntamál	...	7.292	7.776	...	6,6
Almannatryggingar og velferðarmál	...	11.713	13.417	...	14,5
Óregluleg útgjöld	...	984	1.212	...	23,2
Gjöld alls	47.897	49.967	56.895	4,3	13,9